

PCC Bakki Silicon hf.  
Bakkavegur 2  
640 Húsavík

Reykjavík, 7.6.2023  
UST202302-055/S.M.  
08.07.02

## Reglubundið eftirlit í PCC

Þann 24. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í PCC BakkiSilicon. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Enn eru opin frávík er varða

1. **Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annarskonar blönduðum úrgangi.
2. **Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaða ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins.
3. **Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætt á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnasvæðið.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun frá 11. janúar 2023.

Engin frávík frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti nú og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllt,

Sigríður Magnúsdóttir  
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
Sérfræðingur